

## AUGLÝSING

**um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar  
á auglýstri tillögu að breyttu deiliskipulagi.**

*Hólmaþing 5. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 22. mars 2007 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Hólmaþing 5.

Í breytingunni felst að lóðinni Hólmaþing 5 er skipt upp í tvær einbýlishúsalóðir. Íbúðarhús og skúr á lóðinni verður fjarlægð. Lóðin Hólmaþing 5 minnkar að austanverðu og verður 2310 m<sup>2</sup> með aðkomu frá Guláþingi. Ný lóð með aðkomu frá Elliðahvammisvegi verður 1870 m<sup>2</sup>.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 25. apríl 2007.*

**Smári Smárason** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 2. maí 2007